

Ár 2022, 8. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2022**:

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. september 2022, með kvörtun sóknaraðila, dags. 21. september 2022. Með tölvupósti nefndarinnar 6. október 2022 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 25. október 2022. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar sama dag og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki bárust frekari athugasemdir frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 1. og 8. desember 2022.

II.

Málsatvik.

Með dómi Landsréttar 2020 var sóknaraðila dæmdur til að greiða varnaraðila 40.161.843 kr. ásamt dráttarvöxtum að frádregnum innborgunum að fjárhæð 24.229.622 kr. Þá var sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila 800.000 kr. í málskostnað.

Fyrir liggur í málinu að í ljósi greiðsluferfiðleika sóknaraðila hafi varnaraðili 13. júní 2022 boðið honum að ljúka málinu með greiðslu að fjárhæð 17.500.000 kr. og að gildistími tilboðsins væri tvær vikur. Í tilboðinu var tiltekið að greiða þyrfti 8.000.000 kr. við samþykki tilboðsins en að öll fjárhæðin, 17.500.000 kr., þyrfti að vera greidd innan sex mánaða frá samþykki. Þann 27. júní 2022 sendi sóknaraðili tölvupóst til innheimtuaðila varnaraðila og óskaði eftir staðfestingu þess efnis að greiðsla að fjárhæð 17.500.000 kr. væri fullnaðargreiðsla, sem innheimtuaðili varnaraðila staðfesti. Jafnframt samþykkti innheimtuaðili varnaraðila að sóknaraðili fengi skamman frest til að greiða 8.000.000 kr.

Daginn eftir, þ.e. 28. júní 2022, greiddi sóknaraðili í samræmi við það 8.000.000 kr. Daginn þar á eftir, þ.e. 29. júní 2022, sendi innheimtuaðili varnaraðila svokallað uppgjörssamkomulag. Samkomulagið kvað á um að sóknaraðili skyldi greiða samtals 17.500.000 kr. en í því koma einnig fram ýmsir fyrirvarar af hálfu varnaraðila, einkum í tengslum við sannleiksgildi upplýsingagjafar sóknaraðila um greiðsluferfiðleika sína. Þetta samkomulag undirritaði sóknaraðili ekki.

Sóknaraðili greiddi í kjölfarið 9.500.000 kr., nánar tiltekið 6.000.000 kr. 11. júlí 2022, 1.000.000 kr. 23. ágúst 2022 og 2.500.000 kr. 12. september 2022. Samtals hafði sóknaraðili því greitt 17.500.000 kr.

Þegar sóknaraðili óskaði eftir fullnaðarkvittun vísaði innheimtuaðili varnaraðila til þess að samkomulagið hefði ekki tekið gildi þar sem sóknaraðili hefði ekki undirritað uppgjörssamkomulagið.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess í fyrsta lagi að viðurkennt verði að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila þann 27. júní 2022 þegar sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila um lúkningu kröfu samkvæmt dómi Landsréttar 11. febrúar 2022, í öðru lagi krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að sóknaraðili hafi uppfyllt sinn hluta samningsins og í þriðja lagi krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað til sóknaraðila að álitum nefndarinnar.

Sóknaraðili byggir á því að tilboð frá varnaraðila 13. júní 2022 sé fullgilt tilboð og að samningur hafi komist á með yfirlýsingu sóknaraðila um samþykki þess þann 27. júní 2022. Sóknaraðili byggir á því að fjögur efnisleg skilyrði hafi verið sett fyrir tilboði varnaraðila. Í fyrsta lagi að sóknaraðili greiði fullnaðargreiðslu 17.500.000 krónur, sem skuli í öðru lagi greidd innan sex mánaða frá samþykki gagntilboðsins, í þriðja lagi að 8.000.000 kr. skuli greiddar við samþykki tilboðsins og í fjórða lagi að gildistími tilboðsins sé tvær vikur, þ.e. að tilboðið skuli samþykkt í síðasta lagi 27. júní 2022.

Sóknaraðili byggir á því að samningur hafi komist á milli málsaðila, enda hafi hann samþykkt tilboðið, sem hafi verið án fyrirvara, innan tilskilins frests. Millifærsla að fjárhæð 8.000.000 kr. hafi borist daginn eftir samþykki sóknaraðila en það hafi verið gert með samþykki innheimtuaðila varnaraðila. Sóknaraðili hafi greitt samtals 17.500.000 kr. innan sex mánaða frá samþykkt tilboðsins og því hafi hann fullnægt sínum samningsskyldum.

Þá byggir sóknaraðili á því að einhliða og óundirritað uppgjörssamkomulag geti ekki vikið í burtu samkomulagi málsaðila frá 27. júní 2022 án samþykkis sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili hefur fallist á kröfur sóknaraðila um að bindandi samningur hafi komist á milli aðila með samþykki sóknaraðila á gagntilboði varnaraðila þann 27. júní 2022. Einnig sé fallist á að sóknaraðili hafi uppfyllt sinn hluta samningsins með því að greiða 17.500.000 kr. til varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað að álitum nefndarinnar verði hafnað. Varnaraðili bendi á að þessum kröfuleið verði hvergi fundin stoð, hvorki í samþykktum nefndarinnar né öðrum samningum sem varnaraðili kunni að hafa undirgengist. Vísi varnaraðili í því sambandi til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 39/2014 og 2/2019. Verði því að hafna málskostnaðarkröfunni.

V.

Niðurstaða.

Varnaraðili hefur fallist á kröfur sóknaraðila um að bindandi samningur hafi komist á milli aðila með samþykki sóknaraðila á gagntilboði varnaraðila þann 27. júní

2022 og að sóknaraðili hafi uppfyllt sinn hluta samningsins með því að greiða 17.500.000 krónur til varnaraðila. Fellst nefndin því á kröfur sóknaraðila.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar að álitum nefndarinnar hefur nefndin samkvæmt samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu. Verður kröfu hans um greiðslu málskostnaðar þar af leiðandi vísað frá með vísan til j. liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktanna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennt er að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila þann 27. júní 2022 þegar sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila frá 13. júní 2022 um lúkningu kröfu varnaraðila samkvæmt dómi Landsréttar 2022.

Viðurkennt er að sóknaraðili hafi uppfyllt sinn hluta samningsins.

Kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar að álitum nefndarinnar úr hendi varnaraðila er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 8. desember 2022

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Magnús Fannar Sigurhansson